

## Kostnaðargreining vegna leikskólaplássanna í Skutulsfirði.

**Málsaðili** : Bæjarráð  
**Tengiliður** :  
**Dagsetning** : 03.11.2015  
**Númer** : 2013010070  
**Flokkur** : 04.10 Leikskólar almennt

**Efni** : Á fundi fræðslunefndar þann 15. október s.l. var lagt fram minnisblað, frá sviðsstjóra Skóla- og tómstundasviðs, um framtíðarlausn í leikskólamállum á Ísafirði, er varðar þörf á leikskólaplássum. Voru þar helst ræddir tveir kosti það er að nýta svokallað AA hús við Eyrargötu og leikskólann Bakkaskjól í Hnífsdal.

Fræðslunefnd frestaði málinu og óskaði eftir kostnaðaráætlun og kostum og göllum við þessar hugmyndir.

Sviðsstjóri óskaði eftir úttekt tæknideildar á húsinu við Eyrargötu. Svar, Þorbjörns Jóhannessonar, barst í tölvupósti og kemur þar fram að mjög kostnaðarsamt væri að gera við húsið við Eyrargötu þannig að það hæfði starfssemi leikskóla.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum tæknideildar er húsnæði Bakkaskjól í Hnífsdal klárt til opunar en þó þannig að það verður að vera undir merkjum annars leikskóla. Þá mun ekki fást leyfi til að elda þar mat og því yrði að keyra hann frá Ísafirði daglega. Kostnaður við þann akstur yrði á bilinu kr. 50.000 -60.000 á mánuði.

Fjöldi barna á biðlista sem orðin verða 18 mánaða er eftirfarandi: desember 2015 verða þau tvö, í janúar verða þau orðin fjögur og í febrúar átta. Þeim fjölga svo jafnt og þétt verða orðin 11 í mars, 13 í apríl og 16 maí. Hugsanlega verður einhver hreyfing á fólki á þessu tímabili en síðasta ár hefur þó leikskólabörnum sem flutt hafa til Ísafjarðar fjölgað mun meira en þeim sem hafa flutt héðan.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir þremur stöðugildum frá janúar til ágúst 2016.

MH